

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 1997

28. nóvember 1997

1513

Nr. 659

REGLUGERÐ

**um leyfilegan hámarksafla íslenskra loðnuveiðiskipa
á vertíðinni 1997/1998.**

1. gr.

Á loðnuvertíðinni 1997/1998, sbr. reglugerð nr. 373/1997, um loðnuveiðar 1997/1998, er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 984.475 lestir af loðnu.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 373/1997 um loðnuveiðar 1997/1998, er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestum af loðnu sunnan 64°40'N í lögsögu Grænlands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 410, 30. júní 1997, um leyfilegan hámarksafla íslenskra loðnuveiðiskipa á vertíðinni 1997/1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

26. nóvember 1997

Nr. 660

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

B 105

Gutenberg